

Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

Stöðu leikskólakennara

Stöðu íþróttakennara

Við leitum að kennurum sem:

- Hafa kennaramenntun og leyfisbréf á viðkomandi skólastigi
- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Eru lausnamiðaðir
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Þingeyjarskóli hefur hafið innleiðingu á agastefnunni Jákvæður agi. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2019

Umsóknarfrestur er til 10. maí 2019

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is